

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 16. mars kl. 9:05, var haldinn 141. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Stefán Benediktsson, Júlíus Vífill Ingyarsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Stefán Finnsson, Nikulás Úlfar Másson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

- 1. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 11. mars 2016.
- 2. Háskóli Íslands, Vísindagarðar,** (01.63) Mál nr. SN160136
breyting á deiliskipulagi
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ask arkitekta ehf., dags. 23. febrúar 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vísindagarða. Breytingin felur í sér breytingu á byggingarmagni og nýtingarhlutfalli, samkvæmt kynningargögnum Ask arkitekta ehf., dags. í mars 2016.
Fulltrúi ASK arkitekta Páll Gunnlaugsson arkitekt, Kristján Garðarsson fulltrúi Andrúm og Eiríkur Hilmarsson framkvæmdastjóri Vísindagarða kynna.
- 3. Háskólinn í Reykjavík, breyting á** (01.751) Mál nr. SN160110
deiliskipulagi
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 10. febrúar 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík. Í breytingunni felst stækkun á deiliskipulagssvæðinu þar sem gert er ráð fyrir tveimur lóðum í krika Flugvallarvegur og Nauthólsvegur. Annars vegar lóð fyrir skólahúsnaði og hins vegar lóð fyrir íbúðarbyggð, samkvæmt tillögu Kanon arkitekta ehf. dags. 18. febrúar 2016. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 3. mars 2016.
Fulltrúar Kanon arkitekta Helga Bragadóttir arkitekt, Halldóra Bragadóttir arkitekt og Birkir Einarsson landslagsarkitekt kynna
- 4. Veghúsastígur 9 og 9A, breyting á** (01.152.4) Mál nr. SN150691
deiliskipulagi
150769-3969 Þórður Birgir Bogason, Lækjarvað 5, 110 Reykjavík
561214-2200 Ark Studio ehf., Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Ark Studio ehf., mótt. 16. nóvember 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Veghúsastíg. Í breytingunni felst breytt notkun íbúðarhúsnaðis á vestari hluta lóðar í íbúðar- og/eða atvinnuhúsnaði, heimild til reksturs gistiheimilis í flokki I, II eða III, rífa núverandi tengibyggingu á baklóð og byggja nýja tengibyggingu með kjallara milli húsanna, stækkun á byggingareit, hækkun á nýtingarhlutfalli o.fl., samkvæmt uppd. Ark Studio ehf. dags. 16. nóvember 2015. Einnig er lagt fram umboð RR hótels ehf., dags. 16. nóvember 2015. Tillagan var

auglýst frá 8. janúar 2016 til og með 19. febrúar 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ölöf Edda Eysteinsdóttir og Haraldur Þorri Grétarsson, dags. 28. janúar 2016. Einnig er lögð fram bókun hverfisráðs miðborgar frá 28. janúar 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2016. Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2016. Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Engjateigur 9**, breyting á deiliskipulagi (01.366.5) Mál nr. SN150751
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvægi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf., mótt. 10. desember 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi Sigtúnsreits vegna lóðarinnar nr. 9 við Engjateig. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 6. nóvember 2015. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254**, (01.27) Mál nr. SN150130
deiliskipulag

Lögð fram tillaga A2f arkitekta, að deiliskipulagi reits 1.254, Kennaraháskólinn, dags. 8. mars 2016. Í tillögunni felst uppbygging á hluta núv. lóðar Kennaraháskóla Íslands fyrir byggingu 60 íbúða fyrir eldri borgara og allt að 100 íbúða fyrir námsmenn. Auk þess sem skilgreindar verða upp á nýtt byggingarheimildir fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 25. janúar 2016 og samantekt skipulagsfulltrúa af kynningarfundum sem haldinn var 9. mars 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Stefáns Benediktssonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur, fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar og fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina Guðfinnu J. Guðmundsdóttur.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka:

“Haldinn var opinn íbúafundur 9. mars sl. þar sem tillaga að deiliskipulagi var kynnt. Á fundinum kom fram mjög hörð gagnrýni fundargesta. Þrátt fyrir það hefur tillögunni í engu verið breytt og engin merki sjást um að tekið hafi verið tillit til þess sem fram kom hjá íbúum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks velta fyrir sér til hvers verið sé að boða til opinna samráðsfunda undir því yfirskini að verið sé að vinna með íbúum að því að móta deiliskipulag í þeirra hverfi ef ekkert er síðan gert við þær ábendingar og athugasemdir sem fram koma.”

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Stefán Benediktsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstri grænna Gísla Garðarssonar og áheyrnarfulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka:

“Kynningar- og samráðsferli hefur verið mikið við gerð deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóð milli Kennaraháskólans og Bólstaðahlíðar. Haldnir hafa verið fjórir fundir með íbúum í nágrenni reitsins. Nýtingarhlutfall á reitnum verður á milli 0,8 og 0,9 sem er í samræmi við aðliggjandi byggð. Mat umferðarverkfræðings borgarinnar er að tillagan sé í góðu lagi með tilliti til umferðar- og bílastæðamála. Uppbygging húsnæðis í Reykjavík er brýnt verkefni, sér í lagi fyrir eldri borgara og námsmenn líkt og hér um ræðir, og ótækt að falla frá áformum um hana á ófullnægjandi forsendum. Nú er haldið áfram með gott samráðsferli og framlögð tillaga auglýst til að fá fram frekari athugasemdir.”

Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Miklabraut frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð**, deiliskipulag (01.82) Mál nr. SN150574

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga Landslags ehf., dags. 7. desember 2015 að deiliskipulagi Miklubrautar sem afmarkast af lóðarmörkum húsa við Miklubraut 24-66 og til norðurs af gróðurbelti meðfram Klambratúni. Til vesturs eru mörk skipulagsins við Rauðarárstíg og til austurs við Lönguhlíð. Í tillögunni felst að koma fyrir forgangsléið fyrir Strætó í austurátt meðfram Miklubraut sunnanveðri. Einnig er lagður fram skýringaruppdráttur og hljóðvistarskýrsla dags. 7. desember 2015. Tillagan var auglýst frá 8. janúar 2016 til og með 19. febrúar 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Pétur Hjálmtýsson, dags. 14. janúar 2016, Guðmundur J. Guðmundsson, dags. 16. janúar 2016, Hólmfríður S. Svavarsdóttir, dags. 16. janúar 2016, Óðinn S. Ragnarsson, dags. 16. janúar 2016, Ágústa Oddsdóttir og Sæbjörn Kristjánsson, dags. 30. janúar 2016, Arngrímur Ísberg, Jóhannes Þ. Guðmundsson, Jón Ögmundur Þormóðsson og Hólmfríður Gísladóttir, dags. 1. febrúar 2016, Sara Stef. Hildardóttir f.h. íbúa við Miklabraut 60, dags. 2. febrúar 2016, Kristín H. Hálfánardóttir, dags. 3. febrúar 2016, Erna Steina Guðmundsdóttir og Gestur R. Bárðarson, dags. 18. febrúar 2016, Sigurður Geirsson, dags. 19. febrúar 2016, Ólöf Þórey Haraldsdóttir, dags. 19. febrúar 2016, bréf Hverfisráðs Hlíða, dags. 16. febrúar 2016 og 14. desember 2015 og umsögn vegagerðarinnar, dags. 16. febrúar 2016. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Dóru Hjálmarsdóttur, dags. 1. mars 2016. Einnig lagt fram bréf Hverfisráðs Hlíða ásamt erindi frá íbúa í Hlíðum, dags. 14. desember 2015. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14. mars 2016. Samþykkt með vísan til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14. mars 2016.

Vísað til borgarráðs.

- Kl 12:40 vikur Stefán Benediktsson af fundi.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Reykjavíkurflygvöllur**, nýtt deiliskipulag (01.6) Mál nr. SN150770

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi Reykjavíkurflygvallar frá 1999, samkvæmt uppdr. T.ark, dags. 18. desember 2015. Tillagan var auglýst frá 6. janúar 2016 til og með 17. febrúar 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ingimar Eydal, dags. 14. janúar 2016, Friðrik Pálsson f.h. Hjartans í Vatnsmýrinni dags. 15. janúar 2016, Ásta Sigurðardóttir, dags. 15. janúar 2016, Bréf Skagafjarðar, dags. 18. janúar 2016, vegna bókunar byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 14. janúar 2016, Bjarki Jóhannesson, dags. 19. janúar 2016, Bolli Héðinsson, dags. 30. janúar 2016, ásamt fylgiskjali, Kristinn Alex Sigurðsson, dags. 1. febrúar 2016, Halldór Jónsson, dags. 1. febrúar 2016, Hallsteinn ehf., dags. 1. febrúar 2016, Jóhannes Örn Jóhannesson, dags. 2. febrúar 2016, Sigmundur Sigurðsson, dags. 2. febrúar 2016, Bragi Sigbórsson, dags. 4. febrúar 2016, Júlíus Björn Þórólfsson formaður Yaka Flugklúbbs Alpýðunnar ehf., dags. 1. febrúar 2016 og mótt. 5. febrúar 2016 og 9. febrúar 2016, Þórólfur Magnússon, dags. 8. febrúar 2016, bréf Akureyrarbæjar, dags. 9. febrúar 2016, vegna bókunar bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar frá 2. febrúar 2016, Elliði Vignisson bæjarstjóri f.h. Vestmannaeyjarbæjar, dags. 12. febrúar 2016, Leifur Magnússon, dags. 12. febrúar 2016, Sigurður Ingi Jónsson, dags. 14. febrúar 2016, Alfhild Nielsen, dags. 15. febrúar 2016, Bréf Fljótsdalshéraðs, dags. 15. febrúar 2016, vegna bókunar bæjarráðs Fljótsdalshéraðs frá 15. febrúar 2016, bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar frá 15. febrúar 2016, Magnús Brimar Jóhannesson, dags. 15. febrúar 2016, Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri f.h. bæjarráðs Hornafjarðar, dags. 15. febrúar 2016, Bjarni Baerings, dags. 15. febrúar

2016, Byggábirk, dags. 16. febrúar 2016, Ásgeir Jamil Allansson og Bára Einarsdóttir, dags. 16. febrúar 2016, Flugklúbburinn Þytur ehf., dags. 2. febrúar 2016, Hjörleifur Jóhannesson, dags. 16. febrúar 2016, Magnús R. Sigtryggsson, dags. 2. febrúar 2016, Halldór Þór Halldórsson, dags. 16. febrúar 2016, Úlfar Henningsson og Hólmfríður E. Guðmundsdóttir f.h. Garðaflugs ehf., dags. 16. febrúar 2016, Valur Stefánsson f.h. AOPA Ísland, Félag íslenskra einkaflugmanna, dags. 16. febrúar 2016, Erling Jóhannesson, dags. 17. febrúar 2016, Gunnar Valur Sveinsson f.h. Samtaka ferðapjónustunnar, dags. 15. febrúar 2016, Halldór Jónsson, dags. 16. febrúar 2016, Sigurður Ingimarsson, dags. 17. febrúar 2016, Hafsteinn Linnet, dags. 17. febrúar 2016, Þorsteinn Kristleifsson, dags. 17. febrúar 2016, Matthías Ragnar Arngrímsson, dags. 16. febrúar 2016, Þorsteinn Jónsson, dags. 2. febrúar 2016, Kristján Óskarsson f.h. Flugtækni, dags. 17. febrúar 2016, Matthías Sveinbjörnsson f.h. Flugmálafélags Íslands, dags. 17. febrúar 2016, Þorkell Ásgeir Jóhannsson f.h. Mýflugs, dags. 17. febrúar 2016, Ari Guðjónsson f.h. Icelandair Group, dags. 17. febrúar 2016, Reynir Sigurðsson f.h. Samgöngustofu, dags. 17. febrúar 2016, Velferðarráðuneytið, dags. 17. febrúar 2016, Guðmundur Kr. Unnsteinsson og Hallgrímur Óskar Guðmundsson f.h. flugklúbbs Íslands, dags. 17. febrúar 2016, Kristján Guðmundsson f.h. eigenda flugskýlis 33b, dags. 17. febrúar 2016, Dagfinnur Stefánsson f.h. Spartan ehf., mótt. 19. febrúar 2016 og Friðrik Pálsson og Njáll Trausti Friðbertsson f.h. Hjartað í Vatnsmýri, dags. 16. febrúar 2016. Einnig er lagt fram bréf Isavia, dags. 12. febrúar 2016. Athugasemdir kynntar.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

9. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 867 frá 15. mars 2016.

(C) Fyrirspurnir

10. **Lækjargata 12 og Vonarstræti 4B,** (01.141.2) Mál nr. SN160201
(fsp) uppbygging á lóðunum
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 38, 105 Reykjavík
040541-4039 Þorkell Erlingsson, Hvassaleiti 77, 103 Reykjavík

Kynnt fyrirspurn Þorkells Erlingssonar f.h. Íslandshótela hf., mótt. 10. mars 2016, um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 12 við Lækjargötu og 4B við Vonarstræti, samkvæmt uppdrætti Glámu/Kím, dags. 3. mars 2016. Á updrættinum er lýst drögum að uppbyggingu á reitnum. Fulltrúar Glámu Kím Bæring Bjarnar Jónsson arkitekt og Jóhannes Þórðarson arkitekt kynna.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Kvosin, Landsímareitur,** (fsp) breyting (01.140.4) Mál nr. SN160143
á deiliskipulagi
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Kynnt fyrirspurn THG arkitekta ehf., mótt. 25. febrúar 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landsímareits. Í breytingunni felst m.a. niðurrif viðbyggingar við landssímahúsið frá 1967, aðlögun gólfhæða og leyfa kjallara undir öllum húsum á reitnum, samkvæmt uppd. THG arkitekta ehf., dags. 23. febrúar 2016. Einnig er kynnt greinargerð THG arkitekta ehf., dags. 25. febrúar 2016. Frestað.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Einholt 2**, (fsp) hækkun húss og bygging (01.244.1) Mál nr. SN160104
svala
480402-2430 Stay ehf, Einholti 2, 105 Reykjavík
420299-2069 ASK Arkitekta ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ask arkitekta ehf., mótt. 10. febrúar 2016, um að hækka húsið á lóð nr. 2 við Einholt um eina og hálfu hæð og byggja svalir ofan 1. hæðar, samkvæmt uppdr. Ask Arkitekta ehf., dags. 1. febrúar 2016. Einnig er lögð fram greinargerð Halldórs Meyer, dags. 9. mars 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2016.
Frestað.

13. **Grófin, Vesturgata 2 og Hafnarstræti 1-3**, (fsp) uppbygging (01.118) Mál nr. SN160117
111254-3899 Haraldur Örn Jónsson, Túngata 16, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Haralds Arnar Jónssonar, mótt. 12. febrúar 2016, um breytingu á deiliskipulagsi reits 1.140.0, Grófarreits, vegna lóðanna nr. 2 við Vesturgötu og 1-3 við Hafnarstræti sem felst í stækkun lóðarinnar nr. 2 við Vesturgötu til suðvesturs, hækkun á mæni hússins og breyta þakhalla ásamt því að gera kvisti til norðurs. Opna upprunalegt "port " gegnum bryggjuhúsið, grafa út kjallara undir öllu húsinu, hækka millibyggingu milli bryggjuhúss og Bryde þakkhúss og setja þar lyftu, byggja kjallara undir þeim hluta lóðanna sem ekki standa hús á o.fl. samkvæmt uppdr. Andrúm arkitekta, dags. 25. janúar 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. mars 2016.
Frestað.

Kl. 14:19 tekur Stefán Benediktsson sæti á fundinum að nýju.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

14. **Visthæfar bifreiðar**, reglur um bílastæði (USK2016010088) Mál nr. US160030
fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 26. janúar 2016, ásamt tillögu að nýjum reglum um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík. Einnig er lögð fram umsögn bílastæðanefndar, dags. 25. febrúar 2016, og bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 8. mars 2016.
Frestað.

15. **Almenningssalerni í Reykjavík**, skýrsla starfshóps Mál nr. US160066

Kynnt skýrsla starfshóps, dags. 9. mars 2016, um stöðu og tillögur um almenningssalerni í Reykjavík.
Frestað.

(D) Ýmis mál

16. **Kynning á uppbyggingu í miðborginni**, Mál nr. US160064

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 9. mars 2016 var lögð fram eftirfarandi tillaga umhverfis- og skipulagsráðs:
"Mikil uppbygging stendur fyrir dyrum í miðborginni. Að baki henni er mikil undirbúningsvinna sem hefur í mörgum tilvikum tekið langan tíma. Ljóst er að

uppbyggingin mun leiða til breyttrar ásýndar og nýtingar á allmörgum miðborgarreitum sem hafa verið óbreyttir áratugum saman og í flestum tilvikum illa nýttir og vanhirtir. Mjög mikilvægt er að borgarbúar geti gert sér sem besta grein fyrir skipulagi, nýtingu, starfsemi og ásýnd nýrrar byggðar og fyrirkomulagi framkvæmda á þessum reitum.

Lagt er til að skoðaðar verði leiðir til að kynna sem best uppbyggingu og skipulagsmál í miðborginni, einkum í Kvosinni. Æskilegt er að koma fyrir skála eða finna hentugt húsnæði á áberandi stað þar sem hægt er að setja upp sýningu sem stæði í að minnsta kosti í þrjú ár. Mikilvægt er að þetta gert sem fyrst og í náinni samvinnu við framkvæmdaaðila. Eðlilegt má teljast að framkvæmdaraðilar standi straum af kostnaði við slíka sýningu."

Frestað.

17. **Umhverfis- og skipulagsráð**, tillaga Mál nr. US160056
borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um breytt
hlutverk umhverfis- og skipulagsráðs
R16020129
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. febrúar 2016, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs á eftirfarandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um breytt hlutverk umhverfis- og skipulagsráðs sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar 16. febrúar 2016: "Í þeim tilgangi að tryggja að uppbygging í eldri hverfum verði á forsendum byggðarinnar og að gæði og útlit nýbygginga falli að mynstri nærliggjandi húsa og götumynda er lagt til að umhverfis- og skipulagsráð fái aukið hlutverk. Verkefni umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar eru skilgreind í 3. grein samþykktu ráðsins. Lagt er til að við greinina bættist nýr töluliður sem verðu svofelldur: Afgreiðir byggingarleyfisumsóknir í hverfum innan Hringbrautar og Snorrabrautar áður en byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi. Sama á við um byggingarleyfisumsóknir vegna mannvirkja annars staðar í borginni sem hafa menningarsögulegt gildi." Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 9. mars 2016.

18. **Gjaldskrá og reglur um bílastæði í Reykjavík**, tillögur starfshóps Mál nr. US150247
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagðar fram að nýju tillögur starfshóps umhverfis- og skipulagssviðs að nýjum reglum um bílastæðagjald í Reykjavík unnar með hliðsjón af nýju aðalskipulagi. Einnig lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir bílastæði. Jafnframt er lögð fram umsögn bílastæðanefndar, dags. 11. febrúar 2016.
Frestað.

19. **Umhverfis- og skipulagsráð**, fundir um Mál nr. US160065
páska 2016

Samþykkt að fella niður fund umhverfis- og skipulagsráðs miðvikudaginn 23. mars 2016.

20. **Umhverfis- og skipulagssvið**, Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í janúar og febrúar 2016.

21. **Betri Reykjavík**, snjóruðningur Mál nr. US150137
(USK2015060002)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum framkvæmdir "snjóruðningur" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.
Frestað.

22. **Laufásvegur 70**, kæra 2/2016, umsögn (01.197.3) Mál nr. SN160024
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 11. janúar 2016, ásamt kæru þar sem kærð er samþykkt borgarráðs 26. nóvember 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.197.2-3, Smáragötareits, vegna Laufásvegar 70. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 1. mars 2016.

23. **Vegamótastígur 7 og 9**, kæra 16/2016, (01.171.5) Mál nr. SN160089
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 1. febrúar 2016, ásamt kæru, ódags. móttakin 29. janúar 2016, þar sem kært er samþykkt deiliskipulag við Vegamótastíg 7-9, og Grettisgötu. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 10. mars 2016.

24. **Frakkastígur 26A**, kæra 99/2015, (01.182.3) Mál nr. SN150679
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. nóvember 2015 ásamt kæru, þar sem kært er byggingarleyfi fyrir breytingu á íbúðarhúsinu Frakkastíg 26A í veitingahús flokki 2. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 10. nóvember 2015. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 3. mars 2016.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa frá 12. maí 2015 um að veita byggingarleyfi fyrir breytingum Frakkastígs 26A að því er varðar stækkun bíslags til norðurs, skjólveggi og grindverk, allt á lóðarmörkum nefndrar lóðar og Frakkastígs 26.

25. **Garðastræti 17**, kæra 57/2014, umsögn, (01.136.525) Mál nr. SN140352
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 1. júlí 2014 ásamt kæru dags. 1. júlí 2014 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi fyrir Garðastræti 17. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 20. ágúst 2014. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 3. mars 2016.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.

26. **Reitur 1.154.3, Barónsreitur**, breyting á (01.154.3) Mál nr. SN150370
deiliskipulagi
130272-5769 Halldór Eiríksson, Fífusel 26, 109 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. mars 2016 um samþykki borgarráðs dags. 3. mars 2016 um athugasemd Skipulagsstofnunar vegna birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda varðandi breytingu á deiliskipulagi Barónsreits.

27. **Sturlugata 5**, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN160119
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. mars 2016 um samþykki borgarráðs dags. 3. mars 2016 um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 5 við Sturlugötu. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar til norðurs og suðurs og fella niður hringtorg sem sýnt er á mörkum Sæmundargötu og Sturlugötu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:55

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Stefán Benediktsson
Júlíus Vífill Ingvásson
Guðfinna J. Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 15. mars kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 867. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Óskar Torfi Þorvaldsson, Eva Geirsdóttir, Harri Ormarsson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Mátsson Karólína Gunnarsdóttir og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Harri Ormarsson

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Austurberg 3** (04.667.101) 112094 Mál nr. BN050746
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tengingang milli búningsálmunnar sundlaugar að nýbyggingu World Class við íþróttahús og sundlaug á lóð nr. 3 við Austurberg.
Stækkun: 87,7 ferm., 289,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
- Ármúli 5** (01.262.002) 103514 Mál nr. BN050326
621012-0100 F3 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að einangra og klæða að utan með sléttum álplötum, breyta innra skipulagi, byggja flóttastiga á austurgafli og innréttastiga í flokki IV teg. hóteli með 57 herbergjum í mhl. 01 á lóð nr. 5 við Armúla.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. desember 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2015.
Erindi fylgir orkurammi dags. 21. nóvember 2015.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
- Barónsstígur 25** (01.174.326) 101661 Mál nr. BN050625
220338-2589 Guðríður Hjaltadóttir, Sóltún 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta lögun nýlega samþykktara svaða sbr. erindi BN050401 dags. 19. janúar 2016 og setja hurð út á svalir í vegg við hlið núverandi glugga á 1. og 2. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 25 við Barónsstíg.
Meðfylgjandi er umsögn verkfræðings dags. 25. febrúar 2016.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Bíldshöfði 8** (04.064.001) 110667 Mál nr. BN050721
701277-0239 Brimborg ehf., Bíldshöfða 6, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta rými 0001 í skrifstofu, kom fyrir glugga vesturhlið, koma fyrir hurð með útgengi frá kjallara og tröppur á húsinu og breikka gangstétt á vesturhlið hússins á lóð nr. 8 við Bíldshöfða.
Umsögn burðarvirkishönnuðar fylgir dags. 11. mars 2016
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.
- Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN050774
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

560192-2319 Eykt ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir uppsteypu að jarðhæð (annan áfanga byggingarleyfis af þremur) að Borgartúni 8-16 sbr. erindi BN049912.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóð. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkræðing embættis byggingarfulltrúa.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

6. **Efstasund 47** (01.357.309) 104456 Mál nr. BN050753
110584-3189 Árni Gunnar Ingþórsson, Efstasund 47, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi að uppfæra útlit austurhlíðar í samræmi við grunnmynd, sjá erindi BN050407, húss á lóð nr. 47 við Efstasund.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Faxaskjól 19** (01.533.401) 106217 Mál nr. BN050442
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
500269-6779 Síminn hf., Ármúla 25, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir tvo farsímasenda á skorstein skolpdælustöðvar á lóð nr. 19 við Faxaskjól.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
8. **Flókagata 67** (01.270.018) 103561 Mál nr. BN050483
160751-3989 Sveinn Skúlason, Flókagata 67, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja við og hækka þakið á bílskúrnum á lóð nr. 67 við Flókagötu. Tölvupóstur frá hönnuði þar sem grenndarkynningar er óskað dags. 14. janúar 2016 og bréf frá hönnuði dags. 21. maí 2015 fylgja erindi.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2016 fylgir erindinu. Erindið var grenndarkynnt frá 5. febrúar til og með 4. mars 2016. Engar athugasemdir bárust. 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
9. **Fossagata 2** (01.636.707) 106733 Mál nr. BN050070
660315-0120 Ágúst hinn mikli ehf., Fossagötu 2, 101 Reykjavík
110727-4889 Ágúst Ingimundarson, Furugerði 1, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús, kjallara, hæð og ris, einangrað að utan og klætt standandi borðaklæðningu á lóð nr. 2 við Fossagötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. október 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2015. Einnig er lagt fram skuggavarp Arkþings í júní og september, ódags. og í ágúst, dags. 6. október 2015. Erindi var grenndarkynnt frá 24. nóvember til og með 22. desember 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Elín Brimdís Einarsdóttir og Gísli Kristinsson dags. 21. desember 2015. Hrafnhildur Sigurðardóttir, dags. 21. desember 2015 og Hrafnhildur Sigurðardóttir f.h. 99 aðila á undirskriftarlista dags. 22. desember 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2016.

Erindi fylgir útreikningur á varmatapi dags. 6. október 2015 og lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. apríl 2014.

Stærð A-rými: 216 ferm., 666,2 rúmm.

C-rými: 36,9 ferm.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

10. **Frakkastígur 8** (01.172.109) 101446 Mál nr. BN050782
500613-0170 Blómáping ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu fyrir 4. og síðasta áfanga Frakkastígsreits, sjá erindi BN050783, á lóð nr. 8 við Frakkastíg.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrifnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkræðing embættis byggingarfulltrúa.
Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
11. **Friggjarbrunnur 42-44** (05.053.201) 205962 Mál nr. BN050764
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048498, með því að færa rafmagnsinntak í kjallara, breyta innra skipulagi íbúða og gluggum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 42-44 við Friggjarbrunn.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
12. **Friggjarbrunnur 53** (02.693.103) 205831 Mál nr. BN050658
441192-2159 HH byggingar ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta svölum mhl. 04, gluggapóstum, brunavörnum í lyftustokki og innra skipulagi í eldhúsum, sjá erindi BN048621, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 53 við Friggjarbrunn.
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir dags. 25. janúar 2016.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. **Fríkirkjuvegur 11** (01.183.413) 101973 Mál nr. BN050726
631007-1630 Novator F11 ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að útbúa geymslu núverandi tröppum við aðalinngang og gera smávægilegar breytingar á innra skipulagi húss, sjá erindi BN049604, á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg.
Stækkun: 19,6 ferm., 50,0 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

Nikulás Úlfar Másson vék af fundi við afgreiðslu málsins og tók Óskar Torfi Þorvaldsson, yfirverkfræðingur sæti hans.
14. **Grjótháls 7-11** (04.304.001) 111019 Mál nr. BN050727
490911-2510 Kolefni ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í mhl. 01 og 02 og reisa 3 nýja lagertanka mhl. 12, 13 og 14 fyrir bjórframleiðslu sem verða staðsettir úti á milli mhl. 01 og 02 á lóð nr. 7-11 við Grjótháls.
Stærðir á nýjum lagertönkum eru: Mhl. 12 er 8,5 ferm., 88,7 rúmm. Mhl. 13 er 8,0 ferm., 72,5 rúmm. Mhl. 14 er 8,0 ferm., 72,5 rúmm. Samtals 24,5 ferm., 233,7 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
15. **Gullteigur 4** (01.360.209) 104524 Mál nr. BN050645
270777-4069 Atli Freyr Þórðarson, Gullteigur 4, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 3. hæð sem eru þær að komið er fyrir salerni í þvottahúsi, útibúin eru tvö svefnherbergi og eldhús er fært í norðvesturhorn íbúðar í húsinu á lóð nr. 4 við Gullteig.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
16. **Haukdælabraut 12** (05.114.503) 214789 Mál nr. BN050675
050790-2159 Styrmir Örn Snorrason, Gvendargeisli 12, 113 Reykjavík
